

AUGLÝSING**um innflutningskvóta.**

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1970 samkvæmt eftirfarandi lista:

Toll- skrárn.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1970
09.01.11	Brennt kaffi	kr. 4 000 000
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri	— 4 000 000
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða	84 tonn
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanilla	200 —
85.01.00	Spennar (transformatorar), þó ekki spennar (ballasts) fyrir fluorescentljós	— 7 200 000
94.01.00		
94.03.09		
94.04.00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki eldhúsinnréttingar til múr- og naglfestingar, sæti í bifreiðar og aðrar vörur, sem eru á frílista	— 24 000 000
96.01.00		
96.02.09		
96.04.00	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmiþurrkur á skafti (aðrar en rúllur), skaftþvögur, listmálunarpenslar, tannburstar	— 3 000 000

Umsóknir um fyrstu úthlutun ársins skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 15. febrúar 1970.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING**um afnám reglugerðar nr. 41 7. marz 1969, um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.**

Með auglýsingu þessari, er frá og með 1. marz 1970, úr gildi numin reglugerð nr. 41 7. marz 1969, um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.